


Hver er flottastur?



BJARTUR 2008



Að loknum unaðslegum morgunverði
fer óforbetranlegi úlfurinn í sín bestu
föt. „Ó, en glæsilegt! Ég ætla að spóka
mig aðeins svo allir geti dáðst að mér,“
hugsar úlfurinn óforbetranlegi með sér.



Hann hittir Rauðhettu litlu. „En snotur búningur, litla mín. Segðu mér nú, litla skógarber, hver er flottastur?“ spyr úlfurinn. „Flottastur?“ spyr Rauðhetta. „Nú, auðvitað þú, herra úlfur,“ svarar Rauðhetta litla.





„Sko til! Börn segja alltaf satt. Ég er glæsilegastur og elskulegastur,“
dæsir úlfurinn og heldur áfram
göngu sinni.

Þá hittir úlfurinn grísina þrjá. „Halló, litlu beikonbitar! Alltaf á rölti um skóginn ykkur til heilsubótar? Segið mér nú, litlu fituhlunkar, hver er flottastur?“

„Það ert sko þú ... Þú ert stórkostlegur. Það geislar af þér eins og sjálfri sólinni,“ svara grísirnir skjálfandi.





„Ó, ég skín og ég blómstra. Ég vex og ég dafna. Ég lýsi upp þetta skógartetur með nærveru minni. Ég er gull og gersemi,“ sönglar úlfurinn sigri hrósandi.

Þá hittir úlfurinn dvergana sjö. „Óskaplega eruð þið eitthvað illa til hafðir og þreytu-
legir,“ segir úlfurinn við dvergana sjö. „Þið
vinnið allt of mikið. En segið mér: Hver er
flottastur?“

„Flottastur? Nú, það ert auðvitað þú, stóri
úlfur,“ segja litlu mennirnir dauðskelkaðir.






„Dúddírúddírúddírú! Ég er sannarlega stjarnan í þessum skógi,“ sönglar úlfurinn. „Ó, hvað ég er hress í dag og vel lukkaður!“

Þá hittir hann Mjallhvíti. „Neineinei,
mikið ert þú sæt stelpa!“ segir úlfurinn.
„En samt eitthvað svo föl og veikluleg.
Þú verður að fara vel með þig. En segðu
mér eitt: Hver er flottastur?“

„Tja, hmmm, haa, jú, það ert þú,“ svarar
sú stutta.





„Túrílú! Rétt hjá þér. Auðvitað. Vel svarað, barnið mitt. Ég er konungurinn í þessum skógi. Það horfa allir á mig aðdáunaraugum. Takk, takk, takk fyrir mig, kæru aðdáendur,“ hvæsir úlfurinn.

Þá hittir úlfurinn litla drekann. „Nei!
Góðan daginn. Óvænt ánægja. Er
mamma þín nokkuð hérna?“ spyr úlfurinn
og lítur í kringum sig. „Nei, mamma og
pabbi eru heima,“ svarar litli drekinn.
„Ha! Ljómandi!“ svarar úlfurinn feginn.
„Segðu mér þá, asnalega litla skriðdýr,
hver er flottastur í þessum skógi?“



„Pabbi minn er flottastur,“
svarar litli drekinn. „Og hann
kenndi mér að spúa eldi.“





„Hættu svo að trufla mig með þessum asnalegu spurningum þínum. Ég er í feluleik með fuglinum,“ segir litli drekinn.

